

Ed. 131. Breytingartillögur

við frumvarp til laga um notkun bifreiða.

Frá nefndinni.

1. Við 2. gr.:
Fyrir »einstökum . . . ef slik« komi:
vegum eða vegaköflum með öllu eða um tiltekinn tíma, ef slik.
2. Við 3. gr.:
 - a) Fyrir »2. gr.« (prentvilla) komi: 3. gr.
 - b) Aftan við 1. tölulið bætist:
(35 km), og umbúnað, sem varni því, að vagninn geti runnið forbrekkis,
ef annarhvor hemillinn orkar ekki.
3. Við 4. gr.:
 - a) Fyrir »sem setja skal á vagninn« (í 1. málsgr.) komi:
sem setja skal aftan á vagninn.
 - b) Fyrir »honum þykir þurfa« (í 2. málsgr.) komi:
ástæða er til.

4. Við 5. gr., 1. málsgr. :
Orðin »eða . . . fyrir borgun« falli burt.
5. Við 7. gr. :
 - a) Fyrir »mönnum . . . meðferðis« (i 1. málsgr.) komi :
vegfarendum.
 - b) Aftan við 1. málsgr. bætist :
Hins vegar skulu vegfarendur jafnan víkja úr vegi, fyrir bifreiðum sem öðrum vögnum og aldrei tefja för þeirra að óþörfu.
6. Við 11. gr. :
Greinin orðist þannig :
Tvíhjóla bifreiðar og þær þrihjóla, sem ætlaðar eru einum manni, þurfa ekki að hafa nema einn sterkan hemil og eitt skært ljós í dimmu (sbr. 3. gr.).
7. Við 13. gr. :
Aftan við 1. málsgr. komi :
eða uppvist verður að slysið hlaut að vilja til, þrátt fyrir þá aðgæslu og varkárni, sem ökumanni er skylt að gæta. —